

Nr.

## 453. Frumvarp

til laga um Landsbanka Íslands.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

### I. kafli.

#### *Skipulag bankans.*

##### 1. gr.

Landsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins, undir sjerstakri stjórn, svo sem nánar er ákveðið í V. kafla laga þessara. Á Norðurlandamálum er heiti bankans *Íslands Nationalbank*, á ensku *The National Bank of Iceland* og á öðrum tungumálum samsvarandi heiti.

Bankinn starfar í þrem deildum með aðgreindum fjárhag, og nefnast þær seðlabanki, sparisjóðsdeild og veðdeild. Skal halda algerlega aðgreindum vara-sjóðum og öðrum eignum, útlánum, innlánum, bókfærslu og reikningshaldi hverrar deildar fyrir sig.

Ríkissjóður ber ekki ábyrgð á skuldbindingum bankans umfram stofnfje það, sem hann leggur seðlabankanum samkvæmt 5. gr., nema sjerstaklega sje ákveðið með lögum.

Nú verður ákveðið með lögum að greina veðdeild eða sparisjóðsdeild eða þær báðar alveg frá bankanum, og gilda ákvæðin í V., VI. og VII. kafla þá eigi lengur fyrir þá deild eða þær deildir, sem þannig verða greindar frá bankanum.

##### 2. gr.

Landsbanki Íslands hefir heimili sitt, aðalskrifstofu og varnarþing í Reykjavík. Auk þess hefir bankinn útibú þar, sem bankaráðið ákveður með samþykki framkvæmdarstjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál.

### II. kafli.

#### *Seðlabankinn.*

##### 3. gr.

Seðlabankinn hefir á hendi útgáfu seðla innan þeirra takmarka, er þarf til að fyllnægja gjaldmiðilsþörf í innanlandsviðskiftum.

##### 4. gr.

Tilgangur seðlabankans er:

1. Að stuðla að tryggri skipun á peningamálum landsins, með það fyrir aug-

um, að gull og gullgildir seðlar geti sem fyrst orðið og haldi síðan áfram að vera hinn almenni gjaldeyrir í landinu. Í því skyni ber stjórn bankans einkanlega að gæta þess, að fje bankans sje tryggilega fyrir komið til ávöxtunar, og sje jafnan handbært að eins miklu leyti og krefjast verður af seðlabanka. Svo ber og stjórn bankans að afstýra, eftir því sem unt er, með kaupum og sölum á erlendum gjaldeyri og verðbrjefum, sem skráð eru á erlendum kauphöllum, með viðskiftum við aðrar peningastofnanir í landinu og með tilhögun útlánsstarfseminnar, truflun þeirri á peningamálum og atvinnulífi, sem annars má vænta, að almennar hagsveiflur hafi í för með sjer.

2. Að reka bankastarfsemi eftir því, sem nánar er til tekið í lögum þessum.

5. gr.

Stofnfje seðlabankans er 5 milj. kr., sem ríkissjóður leggur honum til, þar af 2 milj. kr. innskotsfje það, er ákveðið var með lögum nr. 50, 10. nóv. 1913, að ríkissjóður legði Landsbankanum. Auk þess skal seðlabankinn safna varasjóði samkvæmt 24. gr.

6. gr.

Seðlabankinn hefir einkarjett til að gefa út bankaseðla eða annan gjaldmiðil, sem komið geti í stað mótaðra peninga og getur gengið manna í milli í stað bankaseðla, með þeirri einni takmörkun, er leiðir af lögum nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl.

Ráðherra sá, er með bankamál fer, ákveður, eftir tillögu bankaráðsins, lögum og úllit seðla þeirra, er bankinn gefur út, og gefur út auglýsingu um það efni, eftir því sem þörf er á. Enginn seðill, er bankinn gefur út, má hljóða um minni upphæð en fimm krónur.

Seðlar þeir, er bankinn gefur út, skulu vera gjaldgengir í ríkissjóð og aðra almenna sjóði hjer á landi og vera löglegur gjaldeyrir manna á milli með fullu ákvæðisverði.

Hver, sem býr til eftirmynd seðla þeirra, er bankinn gefur út, eða falsar þá, skal sæta þeirri refsingu, sem 266. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 ákveður. Glæpurinn er fullkomnaður undir eins og búíð er að eftirmynda eða falsa seðilinn, þó að ekki sje búíð að láta hann út.

7. gr.

Seðlabankanum er skylt, ef þess er krafist, að greiða seðla þá, er hann hefir gefið út, handhafa þeirra með ákvæðisverði í löglegri og gjaldgengri gullmynt, enda samsvari upphæð seðlanna heilli tölu gullmynta, en í skiftimynt, ef upphæðin er minni. Bankanum er skylt að kaupa af hverjum, er þess æskir, skírt ómyntað gull á 2480 krónur hvert kílógram, að frádregnum  $\frac{1}{2}\%$  í myntgerðarkostnað. Útibúum bankans er eigi skylt að leysa inn seðla eða kaupa gull nema bankaráðið mæli svo fyrir.

8. gr.

Seðlabankanum er heimilt að gefa út seðla, eftir því sem gjaldmiðilsþörfin krefur, með takmörkunum þeim, sem greinir hjer á eftir, gegn því að bankinn

1. eigi gullforða, er nemi 40% af því seðlamagni, sem úti er í hvert skifti. Gullforðinn má þó aldrei fara niður úr 2 miljónum króna.
2. hafi vissa og auðselda eign til tryggingar þeim hluta seðlamagnsins, sem ekki er trygður með gullforðanum, þannig að 125 krónur komi á móti hverjum 100 krónum í seðlum.

#### 9. gr.

Til gullforða telst:

- a. Lögleg gjaldgeng gullmynt.
- b. Ómyntað gull og erlend gullmynt, sem nemi minst 2480 kr. fyrir hvert kílógramm af skíru gulli.
- c. Innstæða, sem greidd verður þegar heimtað er, í erlendum bönkum, sem bankaráðið telur fulltrygga og ráðherra samþykkir, að frádregnum samskonar skuldum bankans, þó eigi yfir  $\frac{1}{4}$  alls gullforðans.

Gullforði bankans samkvæmt a- og b-lið skal ávalt vera fyrir hendi í bankanum (og útibúum hans, ef þeim ber að leysa inn seðla samkvæmt 7. gr.). Þó má til þess hluta gullforðans telja gull það, sem sannað er um, að sje á leið hingað frá útlöndum, en þó eigi meira en 300000 krónur í einu.

#### 10. gr.

Til eignar þeirrar, sem tryggja skal seðlamagn það, er gullforðinn nægir ekki til, teljast:

- a. Auðseld opinber verðbrjef eftir gangverði.
- b. Önnur verðbrjef, ekki hlutabryjef, sem skráð eru á erlendum kauphöllum.
- c. Vixlar, hvort heldur þeir skulu greiðast innanlands eða erlendis.
- d. Innieign í erlendum bönkum, sem fellur til útborgunar innan sex mánaða lengst, að frádregnum samskonar skuldum bankans við erlenda banka.
- e. Skuldabryjef, gefin út fyrir lánnum gegn handveði í verðbrjefum þeim, sem greinir í a.- og b.-lið þessarar greinar.

#### 11. gr.

Seðlabankanum skal skylt á hverjum tveggja vikna fresti að gefa ráðherra þeim, er fer með bankamál, skýrslu um seðla í umferð og gullforðann og eign þá, sem samkvæmt 10. gr. er til tryggingar seðlunum. Skulu skýrslur þessar birtar almenuingi jafnóðum.

Beri skýrsla með sjer, að meiri seðlar sjeu í umferð en lögmæt trygging er fyrir, er bankastjórnin skyld að ráða bót á þessu í síðasta lagi innan fjöggra vikna frá því skýrslan er gefin.

#### 12. gr.

Bankaráð og framkvæmdarstjórar bera ábyrgð á því, að þeir seðlar, sem í umferð eru, fari aldrei fram úr nauðsynlegum þörfum viðskiftalífsins. Ráðherra sá, er fer með bankamál, getur lagt bann við aukinni útgáfu seðla, ef teljast verður, að hans dómi, umfram nauðsynlegar þarfir viðskiftalífsins.

13. gr.

Seðlabankinn tekur við peningum:

1. Í hlaupareikning, án vaxta eða með vöxtum, eftir ákvörðun bankaráðs og framkvæmdarstjórnar, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð bankans.
2. Til geymslu.

Útibú seðlabankans taka og við innlánsþje með sparisjóðskjörum, ef svo verður ákveðið í reglugerðum þeirra.

14. gr.

Seðlabankanum er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla, tjecca og ávísanir, sem greiðast eiga innanlands.
2. Að kaupa og selja víxla, tjecca og ávísanir, sem greiðast eiga erlendis.

Víxlar þeir, sem greinir í 1. og 2. tölulið, mega ekki vera með lengra gjaldfresti en 6 mánuðum, og má eigi endurnýja þá meira en 6 mánuði samtals.

Ef ávísanirnar, sem seðlabankinn kaupir og greiðast eiga innanlands eða utanlands, eru afsagðar eftir sömu reglu og víxlar vegna greiðslufalls, öðlast þær í öllu tilliti víxilrjett.

3. Að kaupa víxla, sem greiðast eiga innanlands, með alt að 12 mánaða gjaldfresti, gegn tryggu handveði eða fasteignarveði.
4. Að kaupa og selja dýra málma.
5. Að veita reikningslán gegn handveði eða fasteignarveði, og sjeu þau lán uppsegjanleg með 3 mánaða fyrirvara.
6. Að kaupa og selja skuldabryf ríkja, bæjar- og sveitarfjelaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbryf. Hlutabryf má seðlabankinn ekki kaupa og selja nema í umboði annara.
7. Að lána út á verslunarvörur, sem eigi er hætta á að skemmist á stuttum tíma, og má ekki lána út á þær meira en  $\frac{2}{3}$  gangverðs og eigi lengur en í 3 mánuði.

15. gr.

Seðlabankinn má taka lán gegn tryggingu í sjálfs sins eignum. Til þess að selja tryggingu þarf samþykki bankaráðs og ráðherra.

16. gr.

Seðlabankinn tekur til geymslu gegn gjaldi dýra málma, verðmæta hluti og verðbryf. Hann getur tekið að sjer að annast innheimtu á vöxtum og afborgunum af verðbryfum, á arðmiðum og á útdregnum skuldabryfum. Einnig getur hann tekið verðmæti til geymslu í lokuðum hölfum eða innsiglað.

17. gr.

Seðlabankinn má annast allskonar innheimtur á fjárhæðum fyrir innlenda og erlenda kröfuhafa, bæði hjerlendis og erlendis.

18. gr.

Seðlabankinn hefir á hendi án endurgjalds öll framkvæmdarstörf viðvikjandi skiftimynt þeirri, er ríkisstjórnin gefur út, þar á meðal að halda saman mynt, sem ónothæf er orðin. Bankinn er skyldur til að taka við hvaða upphæð sem er í löglegri íslenskri skiftimynt. Nú hefir bankinn í sjóði meiri íslenska skiftimynt en framkvæmdarstjórn bankans þykir þörf á vegna viðskifta bankans, og er bankanum þá rjett að afhenda ríkisstjórninni það, sem umfram er, gegn greiðslu í öðrum löglegum gjaldeyri.

19. gr.

Framkvæmdarstjórn seðlabankans og bankaráðinu er skylt að gæta þess, að bankinn hafi jafnan, auk þeirra vissu og auðseldu eigna, sem ræðir um í 8. gr. 2. tölulið og 10. gr., hæfilega mikið af samskonar eignum í hlutfalli við þær skuldbindingar bankans, sem gengið verður eftir án fyrirvara. Enn fremur ber bankastjórninni, eftir því sem aukning á slíkum skuldbindingum seðlabankans gefur tilefni til, að leitast við að auka gullforða bankans eða innieignir hans erlendis.

20. gr.

Seðlabankinn má eigi veita ríkissjóði önnur lán en bráðabirgðalán til alt að þriggja mánaða í einu og ekki hærrí upphæð en svo, að nemi  $\frac{1}{4}$  af stofnþje bankans. Allar slíkar skuldir ríkissjóðs skulu goldnar að fullu fyrir lok hvers reikningsárs.

Þetta ákvæði skal þó ekki vera því til fyrirstöðu, að bankinn veiti fyrirtækjum, sem rekin eru fyrir reikning ríkissjóðs, lán eftir sömu reglum og einstökum mönnum eða fyrirtækjum einstakra manna.

21. gr.

Starfsár seðlabankans er almanaksárið. Ársreikning seðlabankans skal birta í Stjórnartíðindunum, og skal hann saminn svo snemma, að hann verði birtur í síðasta lagi 3 mánuðum eftir árslok. Auk þess skal við hver mánaðamót birta stutt yfirlit yfir hæg bankans. Reikningurinn skal endurskoðaður af 2 bókhaldsfróðum endurskoðendum, sem ráðherra skipar eftir tillögum bankaráðsins. Þeir skulu rannsaka reikninginn og bera saman við bækur bankans og heimafje. Þeir skulu að minsta kosti tvisvar á ári sannreyna, hvort heimafje bankans og eignir sjeu fyrir hendi. Að öðru leyti ber þeim að hafa eftirlit með reikningsfærslu og bókhaldi bankans og gera tillögur til bankaráðsins um umbætur í því efni, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð. Þóknun handa endurskoðendum skal ákveðin í reglugerð seðlabankans.

22. gr.

Reikninginn skal gera upp svo sem fyrir er mælt í reglugerð seðlabankans. Á reikningnum skal telja skuldir bankans í erlendri mynt og innieignir bankans erlendis, svo og hverskonar verðbrjef, með því gangverði, sem skráð er

31. desember. Ef bankinn hefir keypt greind verðbrjef lægra verði en því, sem skráð er 31. desember, má telja þau á reikningnum með kaupverðinu.

Ráðherra úrskurðar ársreikninga bankans.

23. gr.

Af tekjum á árinu greiðist:

1. Allur kostnaður og rekstrarútgjöld; þó má skifta kostnaði við seðlagerð og bankabyggingar niður á allt að 10 ár.
2. Tap, sem lokið er uppgerð á, og tap, sem telja verður orðið, enda þótt ekki sje lokið uppgerð á því.
3. Enn fremur má leggja til bliðar hæfilega fjárhæð fyrir tapi, sem búast má við.

24. gr.

Af tekjuafgangi hvers árs fær rikissjóður greiddar 6% af stofnfjenu, þó aldrei meira en helming tekjuafgangsins. Hinn hluti tekjuafgangsins rennur í varasjóð. Þegar varasjóður er orðinn 4 miljónir króna, skiftist arður seðlabankans þannig, að varasjóður fær  $\frac{1}{4}$  hluta, en rikissjóður  $\frac{3}{4}$  hluta. Ef seðlabankinn verður fyrir tapi eftir að varasjóður er orðinn 4 miljónir króna, sem setur varasjóð niður úr þeirri fjárhæð, skiftist tekjuafgangurinn eftir sömu reglu og áður en varasjóður náði 4 miljónum króna uns hann hefir aftur náð þeirri fjárhæð.

25. gr.

Ef árstekjur bankans hrökkva ekki til að bera tap það, sem um ræðir í 23. gr. 2. og 3. tölulíð, ber varasjóður það, sem á vantar.

26. gr.

Seðlabankinn skal eiga fjárhæð, er nemi  $\frac{1}{3}$  af varasjóði bankans, í:

1. auðseldum erlendum rikisskuldabryfum,
2. kröfum á erlenda banka, er verða greiddar innan 6 mánaða, að frádregnum samskonar skuldum bankans.

Komi það fyrir, að bankinn verði að skerða þessa eign, skal hún jafn-skjótt og unt er aukin aftur, svo að fullnægi ákvæðum þessarar greinar.

III. kafli.

*Sparisjóðsdeild bankans.*

27. gr.

Sparisjóðsdeild tekur við peningum sem innláni eða með sparisjóðskjörum.

28. gr.

Sparisjóðsdeild bankans er heimilt:

1. Að kaupa og selja víxla, tjecca og ávisanir, sem greiðast eiga innanlands.

2. Að kaupa og selja víxla, tjecca og ávisanir, sem greiðast eiga erlendis.
3. Að veita lán gegn ábyrgð bæjar-, sýslu- og sveitarfjelaga.
4. Að veita lán gegn veði eða sjálfsskuldarábyrgð.
5. Að kaupa og selja skuldabréf ríkja, bæjar- og sveitarfjelaga og önnur trygg og auðseljanleg verðbrjef. Hlutabréf má sparisjóðsdeildin ekki kaupa eða selja nema í umboði annara.
6. Að annast að öðru leyti venjuleg sparisjóðsstörf.

29. gr.

Sparisjóðsdeild skal eiga að minsta kosti sem svarar 15% af innlánsfje með sparisjóðskjörum í tryggum og auðseldum verðbrjefum, svo sem rikisskuldabréfum, veðdeildarbrjefum eða jarðræktarbrjefum og öðrum jafntryggum verðbrjefum. Verðbrjefaeign þessi skal aukið upp í 30% svo fljótt sem bankaráðinu þykir til-tækilegt. Ef vafi þykir leika á, hvaða verðbrjef fullnægi ákvæðum þessarar grein-ar, sker bankaráðið úr.

30. gr.

Sparisjóðsdeildin skal taka þátt í sameiginlegum kostnaði við stjórn, rekstur og húsnæði bankans eftir ákvörðun bankaráðsins. Allur tekjuafgangur rennur í varasjóð deildarinnar, enda ber hann töp þau, sem deildin kann að verða fyrir og eigi verða greidd af árstekjum hennar. Um endurskoðun og reikn-ingsskil fer eftir ákvæðum 21.—23. gr.

31. gr.

Sparisjóðsdeildin með útibúum sínum lýtur öllum ákvæðum hinnar almennu löggjafar um sparisjóði, nema öðruvísi sje ákveðið í þessum lögum.

IV. kafli.

*Veðdeild bankans.*

32. gr.

Veðdeild annast útlánsstarfsemi gegn veði í fasteignum á Íslandi, samkvæmt sjerstökum lögum og reglugerðum.

V. kafli.

*Stjórn bankans.*

33. gr.

Yfirstjórn bankans er í höndum 5 manna bankaráðs og ráðherra þess, er fer með bankamál, samkvæmt því, sem ákveðið er í lögum þessum.

#### 34. gr.

Formann bankaráðsins skipar ríkisstjórnin til 5 ára í senn, svo og varaformann. Hinir 4 bankaráðsmennirnir, sem skulu vera utanþingsmenn, skulu kosnir til 4 ára í senn, og skal kosning þeirra fara þannig fram, að efri deild Alþingis kýs 2 þeirra með hlutfallskosningu og 2 varamenn, en neðri deild kýs 2 þeirra, einnig með hlutfallskosningu, og 2 varamenn. 2 aðalmenn og 2 varamenn skulu ganga úr annaðhvert ár. Í fyrsta skifti ræður hlutkesti, hvorir skulu úr ganga, aðalmenn og varamenn þeir, sem efri deild eða neðri deild kaus. Bankaráðsmennina og varamennina má endurkjósa.

Ef formaður og varaformaður fellur frá, eða verður óhæfur til starfsins áður en starfstími hans er á enda, skipar ríkisstjórnin nýjan formann eða varaformann. Og ef þingkjörinn bankaráðsmaður og varamaður hans fellur frá, eða verður óhæfur til starfsins milli þinga, setur ríkisstjórnin menn í þeirra stað til næstu þingloka.

Bankaráðsmenn skulu allir vera búsettir í Reykjavík, eða svo nálægt Reykjavík, að þeim sje auðvelt að sækja bankaráðsfundi hvenær sem er.

Formaður bankaráðsins hefir 5000 kr. í ársþóknun, hinir bankaráðsmennirnir 3000 kr. hver. Auk þess fá allir bankaráðsmennirnir dýrtíðaruppbót eftir sömu reglum sem starfsmenn ríkisins. Varamaður tekur laun í stað aðalmanns þann tíma, er hann starfar í bankaráðinu.

#### 35. gr.

Engan má kjósa í bankaráð nema hann sje lögráða, hafi óflekkað mannorð og sje fjár síns ráðandi. Ef bankaráðsmaður missir þessi skilyrði áður en kjörtími hans er á enda, hættir hann þegar störfum í raðinu.

#### 36. gr.

Bankaráðið ræður aðalbankastjóra og tvo aðra bankastjóra. Eru þeir framkvæmdarstjórn bankans. Skulu þeir ráðnir með 6 mánaða uppsagnarfresti, enda geta þeir sjálfir sagt upp stöðunni með sama fyrirvara. Þó getur bankaráðið vikið bankastjóra, jafnt aðalbankastjóra sem hinum bankastjórunum, frá fyrirvaralaust gegn því að greiða honum 6 mánaða laun, svo framarlega sem ekki er um að ræða afbrot af hálfu bankastjórans, sem heimili frávikningu hans án nokkurrar launagreiðslu. Ennfremur getur ráðherra sá, sem fer með bankamál, vikið bankastjóra frá. Skal bankaráðið eða ráðherra þá skýra hinum frávikna bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningunni.

Laun aðalbankastjóra skulu ákveðin af bankaráðinu með samningi. Skulu þau vera fastbundin árslaun og mega ekki að neinu leyti vera miðuð við rekstrarhagnað bankans. Hinir bankastjórnarnir hafa að árslaunum 12000 krónur hvor og auk þess dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni; dýrtíðaruppbótin reiknast með sömu vísitölu og dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins.

Bankaráðið getur veitt fráförnum bankastjóra eða ekkju hans eftirlaun af fje bankans. Eftirlaun mega þó aldrei fara fram úr 50% af laununum henda



bankastjóranum, og 25% af laununum handa ekkju hans, en skulu að öðru leyti ákveðin eftir því, sem ástæður eru fyrir hendi í hvert skifti.

37. gr.

Bankaráðsmenn skulu hafa daglegt eftirlit í bankanum, þannig, að formaður bankaráðsins skal framkvæma eftirlitsstarfið daglega, en hinir bankaráðsmennirnir að öllum jafnaði tveir í senn á vixl annanhvern dag ásamt formanninum. Þeir skulu grannskoða allar framkvæmdir bankastjórnarinnar og alt það, sem fer fram í hinum ýmsu starfsgreinum bankans.

Bankaráðið heldur fundarbók, sem í er ritað það helsta, sem fram fer á fundum þess, og allar ályktanir. Til þess að gerð verði gild ályktun verða eigi færri en 3 bankaráðsmenn að taka þátt í atkvæðagreiðslunni. Það ákveður, hvernær bankastjórnarnir skuli mæta á fundum þess. Reglulega fundi skal bankaráðið halda að minsta kosti í 1. og 3. viku hvers mánaðar. Nú er bankaráðsmaður fjarverandi um stund, og ber hann meðábyrgðina á því, sem bankaráðið hefir ályktað í fjarveru hans, nema hann skrifi ágreiningsatkvæði um einhverjar framkvæmdir þess í fjarveru hans í fundarbókina.

Fundarbók þessi skal svo lögð fyrir fjárhagsnefndir Alþingis í hvert skifti er það kemur saman.

Efnfremur skal bankaráðið skýra Alþingi frá:

1. Ástandi bankans í öllu tilliti og hvernig bankanum hefir verið stjórnað.
2. Hvoft nokkuð hefir verið vanrækt, sem gera hefði átt, eða hvort fyrirkomulaginu þurfi að breyta til bóta í einhverjum efnunum.

Bankaráðið velur mann af starfsmönnum bankans til að rannsaka útibú bankans eftir þörfum, eða mann úr sínum hópi.

Á hverjum reglulegum fundi skal framkvæmdarstjórnin leggja fyrir bankaráðið skýrslu um útlán bankans, um verðbrjefaeign hans, um innlánsfje í honum og um það, hve mikið af því megi taka út fyrirvaralaust, um slíkar kröfur erlendar, um seðlaveltu, gullforða og innieignir erlendis og annað það, er bankaráðinu þykir nauðsynlegt til þess að geta haft fullkomið eftirlit með starfsemi bankans.

38. gr.

Bankaráðinu ber, auk þess sem áður segir:

- a. Að koma fram fyrir hönd bankans gagnvart dómstólunum, yfirvöldum og gagnvart þriðja manni. Ráðið getur úrskurðað um öll mál bankans, sem ekki er áskilið ráðherra að úrskurða um.
- b. Að hafa umsjón og eftirlit með eignum bankans og starfsemi hans, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð bankans.
- c. Að ákveða verkaskið milli aðalbankastjóra og hinna bankastjóranna og setja bankastjórunum erindisbrjef,
- d. Að skipa stjórnendur útibúa bankans og víkja þeim frá, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar.
- e. Að skipa aðalbókara, aðalfjehirði og fjehirði bankans, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, svo og að ákveða, hversu hátt veð fjehirðar skuli setja.

- f. Að ákveða laun starfsmanna bankans, setja reglugerð um eftirlaunasjóð handa starfsmönnum bankans og úrskurða um eftirlaun þeirra.
- g. Að ákveða með samþykki framkvæmdarstjórnar og að fengnu samþykki ráðherra þess, er fer með bankamál, hvar bankinn skuli hafa útibú.
- h. Að ákveða ásamt framkvæmdarstjórninni forvexti og útlánsvexti bankans.
- i. Að ákveða ásamt framkvæmdarstjórninni, hve mikið af starfsfje bankans megi vera bundið í hverri atvinnugrein á hverjum tíma og ákveða aðrar almennar reglur um starfrækslu bankans.
- j. Að úrskurða um deilur, sem upp kunna að koma milli starfsmanna bankans og bankastjóranna.
- k. Að taka ákvarðanir um eftirgjafir á skuldum án gjaldþrotaskifta. Að jafnaði skal Landsbankinn ekki veita neinum skuldunaut eftirgjöf á lánum, nema árangurslaust fjárnám sje á undan gengið, eða samkvæmt opinberum nauðasamningi, þegar við getur átt.
- l. Að ákveða, að fengnum tillögum bankastjórnarinnar, hverjir starfsmenn bankans skuli ásamt bankastjóra geta skuldbundið bankann með undirskrift sinni.
- m. Að sjá um endurskoðun á reikningum bankans og ganga eftir því, að endurskoðendur bankans ræki vel starf sitt.
- n. Að setja reglugerð um stjórn bankans og starfrækslu, er ráðherra staðfestir.
- o. Að gera út um ágreining milli bankastjóranna (samanber 39. gr.).
- p. Að gera ályktun um þau mál, sem framkvæmdarstjórnin leggur fyrir bankaráðið.

Bankaráðið ákveður, hve mikið af starfsfje bankans skuli fengið hverju útibúi til umráða, enda komi samþykki framkvæmdarstjórnar til.

### 39. gr.

Aðalbankastjóri, er hafi viðtæka þekkingu og reynslu í viðskiftamálum, hefir æðstu stjórn allrar daglegrar starfsemi bankans.

Í forföllum hans kemur sá hinna bankastjóranna, sem er eldri í stöðunni. Að öðru leyti fer um skifingu starfa milli bankastjóranna eftir reglugerð bankans og ákvörðun bankaráðs.

Framkvæmdarstjórnin ráðstafar fje bankans og stendur fyrir rekstri hans. Henni ber að sjá um, að bankareksturinn sje í öllum greinum samkvæmt þessum lögum og reglugerð bankans.

Framkvæmdarstjórnir halda fundarbók, sem í eru ritaðar allar ályktanir, sem gerðar eru á fundum þeirra. Til þess að gerð verði gild ályktun verða eigi færri en 2 bankastjórar að vera á fundi, enda sjeu þeir sammála.

Að jafnaði ræður meiri hluti framkvæmdarstjórnar úrslitum.

Minni hlutinn hefir þó rjett á að skrifa rökstutt ágreiningsatkvæði sitt í fundarbókina eða dagbækurnar, og skal ágreiningsatriðið þá lagt fyrir bankaráðið til úrslita.

Allir viðstaddir bankastjórar skrifa undir fundarbókina í hvert skifti, er fundur er haldinn.

Framkvæmdarstjórnin heldur og 3 dagbækur, sína fyrir hverja deild bankans, og skal daglega í þær rita allar lánveitingar og lánsynjanir.

Fundarbókin og dagbækurnar skulu daglega lagðar fyrir bankaráðið, undirskrifaðar af öllum viðstöddum bankastjórum.

Nú er bankastjóri fjarverandi, og ber hann fulla meðábyrgð á því, sem framkvæmt hefir verið í fjarveru hans, nema hann skrifi ágreiningsatkvæði um það, sem hann er ósamþykkur, í fundarbókina eða dagbækurnar.

Tveir bankastjórar skulu undirskrifa svo að skuldbindi bankann, ef gefa skal út eða framselja víxla, önnur verðbrjef eða aðrar skriflegar skuldbindingar. Þó er bankaráðinu heimilt (sbr. 38. gr.) að veita tilteknum starfsmönnum bankans umboð til þess að skuldbinda bankann í þessum efnum með undirskrift sinni ásamt einum bankastjóra. Í reglugerð má setja ákvæði um tilteknar skuldbindingar, þannig að þær undirriti tveir bankastjórar, og eigi aðrir, svo gilt sje.

#### 40. gr.

Framkvæmdarstjórnin ræður alla þá starfsmenn bankans, sem bankaráðinu er eigi falið sjerstaklega að ráða, samkvæmt 38. gr., og segir þeim upp. Starfsmenn bankans skulu að jafnaði ráðnir með 3 mánaða uppsagnarfresti.

#### 41. gr.

Kvittanir bankans eru því aðeins fullgildar, að fjehirðir hafi ritað undir þær og að þeim fylgi áritun bókara um, að þær sjeu athugaðar. Fjehirðir má eigi greiða neina fjárbæð úr bankanum, sem samþykki bankastjórnar þarf til, nema með samþykki tveggja bankastjóra, eða eins bankastjóra og starfsmanns, sem umboð hefir samkvæmt 38. gr. 1.

#### 42. gr.

Alþingismenn mega ekki vera bankastjórar. Ekki mega bankastjórar hafa embættisstörf á hendi, ekki reka sjálfir atvinnu og ekki vera í stjórn atvinnufyrirtækja.

Eigi mega bankastjórar nje starfsmenn vera skuldskeyttir bankanum, nema veðdeild, hvorki skuldunautar nje ábyrgðarmenn annara.

Bankaráðsmenn mega ekki hafa milligöngu um lántökur annara í bankanum.

#### 43. gr.

Bankaráð, framkvæmdarstjórar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um alt það, er snertir hagi viðskiftamanna bankans, sem þeir fá vitneskju um vegna starfsemi sinnar við bankann.

#### 44. gr.

Stofna skal eftirlauna- og styrktarsjóð handa starfsmönnum bankans, ekkjum þeirra og ómegð, og skal bankinn leggja fram til stofnunar hans 25000 krónur í eitt skifti fyrir öll. Allir, sem verða fastráðnir starfsmenn í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi, skulu skyldir til að greiða í sjóðinn 3% af árs-

launum sínum, og leggur bankinn sjóðnum til jafnháa fjárhæð árlega. Þeir, sem eru fastráðnir starfsmenn bankans, er löginn ganga í gildi, öðlast rjett til styrks úr sjóðnum samkvæmt reglugerð hans, ef þeir greiða gjald þetta frá þeim tíma. Heimilt er bankaráðinu að greiða þeim til viðbótar af fje bankans, svo að þeir njóti eigi minni styrks í beild en tilsvarendi starfsmenn, sem verða fastráðnir í bankanum eftir að lög þessi öðlast gildi.

Bankaráðið ákveður með reglugerð um fyrirkomulag sjóðsins, skilyrði fyrir greiðslum úr honum og annað, sem þar að lýtur.

Þessi grein tekur ekki til bankastjóranna.

## VI. kafli.

### *Sjerrjettindi bankans.*

#### 45. gr.

Glatist viðtökuskírteini, er bankinn hefir gefið út fyrir handveði eða geymslufje eða fyrir innláni, eða viðskiftabók fyrir sparissjóðsinnlagi eða öðrum innlögum, getur framkvæmdarstjórn bankans stefnt til sín handhafa þessa viðtökuskírteinis eða viðskiftabókar með 6 mánaða fyrirvara, og birt stefnuna þrisvar sinnum samfleytt í tíðindum þeim, er flytja skulu stjórnarvaldaauglýsingar hjer á landi, og ef enginn hefir sagt til sín áður en fyrirvarinn er liðinn, getur hún greitt þeim manni upphæðina, sem fengið hefir viðtökuskírteinið eða viðskiftabókina, án þess nokkur annar, er viðtökuskírteinið eða viðskiftabókin kann að hafa verið framseld til, geti þar fyrir búíð kröfu á hendur bankanum.

#### 46. gr.

Fje ófullráða manna og almennastofnana má setja á vöxtu í bankanum. Landsbankinn með útibúum sínum hefir einn, að því er við verður komið, heimild til að taka við geymslufje (depositum).

#### 47. gr.

Fje það, sem lagt hefir verið í bankann, ásamt vöxtum þess, er undanþegið kyrsetning eða löghaldi meðan það stendur þar.

#### 48. gr.

Bankanum er heimilt að áskilja sjer hærri vexti en 6% um árið af útlánum gegn fasteignarveði.

#### 49. gr.

Nú er óskað láns gegn fasteignarveði, og skal þá gefa vottorð um fasteignina úr afsals- og veðmálabókum kauplaust, þegar stjórn bankans krefst þess, enda sje vottorðið ætlað bankanum einum til afnota.

50. gr.

Bankinn getur löglega samið svo við skuldunauta sína, að þeir taki upp í veðskuldabréf sín til bankans ákvæði það, er getur um í tilskipun 18. febrúar 1847, 10. gr., um fje ómyndugra á Íslandi.

51. gr.

Eigi missir bankinn kröfu sína, þótt veðið glatist fyrir óhapp.

52. gr.

Bankinn hefir rjett til að láta starfsmenn sína selja verðbrjef og annað, sem hann hefir fengið að handveði, við uppboð á hverjum þeim stað, er þykir til þess fallinn, en aðvara skal hann veðsala um þetta í votta viðurvist með 8 daga fyrirvara. Nú er veðsali ókunnur, eða menn vita ekki um heimili hans, og þá skal bankinn stefna hlutaðeiganda með 14 daga fyrirvara til að leysa veðið, með auglýsingu í þeim tíðindum, sem birta skal í stjórnarvaldaauglýsingar.

53. gr.

Bankinn er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnist, þar á meðal til ríkissjóðs og sveitarsjóðs, eða annara stofnana.

Bækur bankans, ávisanir, skuldbindingar, sem gefnar eru út af bankanum og í nafni hans, svo og skuldbindingar, sem veita bankanum handveðsrjett, arðmiðar af hlutabréfum eða skuldabréfum bankans, hlutabréf bankans og framsöl þeirra skulu undanþegin stimpilgjaldi.

54. gr.

Nú er fasteign seld á nauðungaruppboði eða á gjaldþrotaskiftum, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Landsbankanum og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal bankanum eða útibúi því, er í hlut á, gert viðvart svo tímanlega, að hægt sje að mæta eða láta mæta við uppboðið.

## VII. kafli.

### *Bráðabirgðaákvæði.*

55. gr.

Kosning í bankaráðið fer fram í fyrsta skifti á Alþingi 1927. Þegar eftir að lög þessi öðlast gildi skipar ráðherra sá, sem fer með bankamál, formann bankaráðsins. Ráðherra sjer síðan um, að fram fari úttekt á bankanum í hendur bankaráðsins. Bankaráðið sjer um, að skipulag alt, bókfærsla og reikningshald samkvæmt lögum þessum komist að fallu í framkvæmd þegar eftir að úttekt er lokið, þó eigi síðar en 1. janúar 1929.

56. gr.

Bankaráðið sjer um framkvæmd á skiftum milli seðlabankans og sparisjóðsdeildar, og skulu þau skifti vera komin í framkvæmd að fullu fyrir árslok 1930. Um reikningsskil milli deildarinnar og seðlabankans fer eftir nánari ákvörðun bankaráðsins, þar til skiftum er lokið.

Af varasjóði bankans, eins og hann verður þegar skiftum er lokið, fær sparisjóðsdeildin helminginn og seðlabankinn helminginn.

Þangað til varasjóður sparisjóðsdeildarinnar hefir náð fullum 10% af sparisjóðsinnstæðufjenu ber seðlabankinn ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðsdeildar með upphæð, sem nemur innskotsfje ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 50, 10. nóv. 1913.

57. gr.

Launaákvæði laga þessara ná ekki til núverandi bankastjóra. Meðan þeir gegna bankastjórastöðu við Landsbankann, halda þeir núverandi launum sínum, nema öðruvisi semjist. Um uppsögn núverandi bankastjóra skulu sömu reglur gilda og í gildi voru, er þeir tóku sæti í bankastjórninni. Aðalbankastjóra skal ráða þegar eitt sæti losnar í bankastjórninni.

Jafnskjótt sem núverandi bókatí, aðalfjehirðir og fjehirðir láta af stöðum sínum, fer um ráðningu manna í staðinn eftir ákvæðum laga þessara.

58. gr.

Þangað til lög verða sett um opinbera verðbrjefaverslun og kaupþings-skráningu verðbrjefa skal bankanum skylt að kaupa af almenningi og selja almenningi trygg innlend verðbrjef, þau er ræðir um í 29. gr., gangverði, sem ákveðið sje af bankaráði, að fengnum tillögum framkvæmdarstjórnar, eigi sjaldnar en einu sinni á viku, og birt almenningi með auglýsingu á áberandi stað í aðalafgreiðslustofu bankans og útibúa hans.

Bankinn er þó undanþeginn skyldum þeim, er ræðir um í þessari grein, annaðhvort um kaup eða sölu, ef eign bankans í slíkum verðbrjefum fer fram úr því eða niður fyrir það, sem framkvæmdarstjórn bankans telur hæfilegt.

59. gr.

Ákvæði 7. gr. ganga í gildi þegar Alþingi ákveður. Þangað til getur ráðherra veitt bankanum undanþágu frá ákvæði 9. gr. c.-lið, um að innstæður erlendis megi ekki fara fram úr  $\frac{1}{4}$  alls gullforðans. Ákvæði 26. gr. um varasjóð ganga þá um leið í gildi.

60. gr.

Auk hinna gulltrygðu seðla er bankanum beimilt að gefa út allt að 1 miljón króna. Seðlamagn þetta skal minna um 100000 kr. fyrir 1. nóvember 1927 og úr því árlega um sömu upphæð.

61. gr.

Bankinn gengur inn í kaup ríkissjóðs á gullforða Íslandsbanka samkvæmt 3. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921.

62. gr.

Heimilt er ráðherra að taka nauðsynleg lán til greiðslu á stofnfje bankans samkvæmt 5. gr. þessara laga.

63. gr.

Ákvæði 20. gr. um lán til ríkissjóðs taka eigi til þeirra lána, sem ríkissjóður hefir frá Landsbankanum þegar lög þessi öðlast gildi.

64. gr.

Landsbankinn endurkaupir af Íslandsbanka góða viðskiftavixla gegn forvöxtum, sem sjeu ekki minna en 1% lægri en forvextir Íslandsbanka, þó aldrei lægri en 1% undir forvöxtum Landsbankans til peningastofnana, fyrir alt að  $\frac{5}{8}$  þeirrar upphæðar, sem Íslandsbanki hefir á hverjum tíma dregið inn af seðlaveltu sinni, miðað við 31. okt. 1922; en þá telst seðlavelta Íslandsbanka hafa verið 8 miljónir króna. Eftir að Íslandsbanki hefir dregið inn alla seðla sína minkar fjárhæð sú, sem Landsbankinn endurkaupir með þessum kjörum, um  $\frac{1}{8}$  miljón króna á ári hverju, þar til hún hverfur alveg.

Meðan Íslandsbanki hefir á hendi seðlaútgáfu, eða ríkissjóður ber ábyrgð á skuldbindingum fyrir hann, og einhverjir af bankastjórum hans þess vegna eru skipaðir af ríkisstjórninni, sbr. 6. gr. laga nr. 61 1921, skulu ákvæði fyrstu málsgreinar 42. gr. einnig taka til þeirra bankastjóra.

## VIII. kafli.

### *Niðurlagsákvæði.*

65. gr.

Lög nr. 14, 18. september 1885, um stofnun Landsbanka, lög nr. 2, 12. janúar 1900, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885, lög nr. 28, 22. október 1912, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun Landsbanka, lög nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum um stofnun Landsbanka 18. sept. 1885 m. m., og lög nr. 37, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 55, 28. nóvember 1919, um breyting á lögum 18. sept. 1885, um stofnun Landsbanka, eru úr gildi numin.

66. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.